



**U S T**

**Umhverfisstofnun**

*Environment and Food Agency of Iceland*

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

☒ Suðurlandsbraut 24  
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000  
Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is  
www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 24. apríl 2007

Tilvísun: UST20061100094/sf

### **Allt að 2,5 MW virkjun við Hverfisfljót við Hnútu. Frekari umsögn.**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 9. mars sl. þar sem óskað er eftir frekari umsögn Umhverfisstofnunar um ofangreindra framkvæmd í ljósi nýrra gagna frá framkvæmdaraðila.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við svör framkvæmdaraðila.

#### **Efnistaka**

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að steypuefni verði að öllum líkindum sótt til steypustöðva á Selfossi eða Vík í Mýrdal. Þar kemur einnig fram að þegar nær dregur framkvæmdum verði undirbúin áætlun um efnistöku í samræmi við lög nr. 44/1999 um náttúruvernd. Þar munu koma fram allar nauðsynlegar upplýsingar sem snúa að fyrirhugaðri efnistöku, þ.e. hvar og hvernig verður staðið að efnistöku í samræmi við 48. gr. fyrrgreindra laga. Umhverfisstofnun ítrekar þá afstöðu sína að standa eigi þannig að efnistöku að ekki hún raski ekki Skaftáreldahrauni.

#### **Gróður**

Í fylgiskjali með gögnum framkvæmdaraðila er bréf frá Náttúrufræðistofnun Íslands, dags. 5. febrúar sl., þar sem fram kemur að litlar upplýsingar eru til um gróðurfar og fuglalíf á svæðinu í gagnasafni stofnunarinnar. Þar kemur einnig fram að miðað við fyrirbyggjandi gögn líti út fyrir að gróðurfar sé heldur einsleitt og að fuglalíf sé fremur fáskrúðugt. Þó sé ljóst að mikla áherslu þurfi að leggja á að fyrirhugaðar framkvæmdir hafi ekki neikvæð áhrif á landslag á svæðinu. Þetta eigi einkum við um t.d. fyrirhugaða vegagerð eða línulögn í Eldhrauni. Náttúrufræðistofnun Íslands leggur til að á komandi sumri fari sérfræðingar stofnunarinnar um framkvæmdasvæðið til að ganga úr skugga um að þar finnist ekki plöntur á valista, sérstæð gróðurfélög á lands- eða héraðsvísu eða að þar komi ekki sérstæð búsvæði fugla til með að spillast. Í svari framkvæmdaraðila við umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að framkvæmdaraðili leggur áherslu á að slík athugun verði unnin og muni sú verða raunin á komandi sumri. Niðurstöður þeirrar athugunar muni hjálpa til við nánari legu og staðsetningu mannvirkja þegar kemur að því að hanna mannvirkin.

Landeigandi, Ragnar Jónsson á Dalshöfða, hefur vakið athygli Umhverfisstofnunar á skýrslu

Landgræðslu ríkisins frá desember 2002: „Eldhraun við Hverfisfljót, V-Skaftafellssýslu. Binding kolefnis með landgræðslu“. Í skýrslunni kemur fram að Landgræðsla ríkisins vinni að landgræðslu við Eldhraun og að svæðið hafi verið kortlagt af áætlanadeild Landgræðslunnar með tilliti til eftirfarandi atriða: gróðurflokka, hlutfallslegri þekju gróðurs, sandþekju yfirborðs, grjóþekju yfirborðs, rofflokka, halla lands, hallaáttar og jarðvegisdýptar. Í gátlista sem er fylgiskjal með skýrslunni er tilgreint að fyrirhuguð framkvæmd (þ.e. uppgræðsla á vegum Landgræðslu ríkisins) muni ekki eyða sérstæðum eða friðlýstum plöntum. Þar er hins vegar ekki tilgreint hvaða plöntur er að finna á svæðinu. Umhverfisstofnun telur að slíkar upplýsingar hefðu verið nauðsynlegar til að styðja þá fullyrðingu sem fram kemur í gátlistanum. Þrátt fyrir framangreind gögn telur Umhverfisstofnun því enn ríkja óvissu um hvort á framkvæmdasvæðinu sé að finna plöntur sem eru friðlýstar eða á valista.

### Sérstök vernd

Eins og fram kemur í fyrri umsögn Umhverfisstofnunar eru innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis jarðmyndanir sem falla undir 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, þ.e. eldhraun (Brunnárhraun og Skaftáreldahraun) og fossar. Umhverfisstofnun hefur lagt til að Skaftáreldahraun allt, ásamt jaðarsvæðum, verði friðlýst sem náttúruvætti, enda um að ræða eitt mesta hraun sem runnið hefur á jörðinni á sögulegum tíma og tengist jafnframt sögu og trú, sbr. skýrslu Umhverfisstofnunar, *Náttúruverndaráætlun 2004-2008 – Aðferðafræði. Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar*. Í tengslum við fyrirhugaðar virkjanaf framkvæmdir verður lagður nýr vegur, um 7 km langur, um hraunið. Umhverfisstofnun telur að sú framkvæmd muni skerða verndargildi hraunsins.

Eins og fram kemur í fyrri umsögn Umhverfisstofnunar er Lambhagafoss í Hverfisfljóti á skrá yfir fossa á Íslandi sem Náttúruverndarráð gaf út 1978 (sjá fjölrít Náttúruverndarráðs nr. 2, Fossar á Íslandi) en á skránni eru fossar sem æskilegt er talið að friðlýsa. Í skrá Náttúruverndarráðs eru einnig tilgreindir tveir fossar skammt fyrir ofan Lambhagafoss. Lambhagafossar og Langholtsfossar njóta jafnframt sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Í fyrri umsögn Umhverfisstofnunar kom fram að stofnunin teldi ekki líkur á að áhrif virkjunarinnar á útlit fossanna yrðu mikil en hins vegar teldi stofnunin að ekki væri gerð fullnægjandi grein fyrir þeim áhrifum í tilkynningu framkvæmdaraðila, t.d. með myndrænni framsetningu.

Í svörum framkvæmdaraðila er ítrekað að árstíðabundndar sveiflur í rennsli Hverfisfljóts séu umtalsverðar. Rennsli árinna hafi farið minnst í  $4 \text{ m}^3/\text{sek}$  yfir vetrartímam en upp í  $400 \text{ m}^3/\text{sek}$  í flóðtoppum. Fyrirhuguð virkjun muni nýta allt að  $4 \text{ m}^3/\text{sek}$  af rennsli árinna og verði áhrifin því minni háttar á heildarrennsli hennar. Í gögnum framkvæmdaraðila er vísað til myndar af Lambhagafossum sem tekin er í ágústlok og á að gefa til kynna hvernig foss neðan inntaks líti út í lok sumars þegar rennsli er um  $200 \text{ m}^3/\text{sek}$ . Framkvæmdaraðili telur ljóst að áhrif þess að teknir verði um  $4 \text{ m}^3/\text{sek}$  séu hverfandi.

Umhverfisstofnun telur að æskilegt hefði verið að gera grein fyrir áhrifum á ásýnd fossanna miðað við mismunandi rennsli. Ljóst er að þó að áhrif virkjunarinnar á heildarrennsli Hverfisfljóts verði ekki mikil verða áhrifin mismikil eftir árstímum. Mest verða þau á veturna þegar minnst rennsli er í ánni.

### Landslag / sjónræn áhrif

Í fyrri umsögn Umhverfisstofnunar kom m.a. fram það álit stofnunarinnar að fyrirhugaðar

framkvæmdir gætu haft í för með sér umtalsverð sjónræn áhrif og breytingar á ásýnd lands. Hins vegar væri ekki hægt að meta út frá fyrirbyggjandi gögnum hver yrðu heildaráhrif framkvæmda á landslag. Í svörum framkvæmdaraðila segir m.a. að þau mannvirki sem verði sýnileg eftir að uppbyggingu er lokið, séu vegslóð að stöðvarhúsi, stöðvarhús, frárennslisskurður, vegslóð meðfram þrýstipípu, inntak, aðrennslisskurður og yfirfallskantur. Fram kemur að ásýnd lands muni breytast með framkvæmdinni þar sem landið sé ósnortið en framkvæmdaraðili telji að ekki verði um verulegar breytingar að ræða þar sem hafa verði í huga stærðarhlutföll þeirra mannvirkja sem fyrirhugað er að byggja upp. Í svörum framkvæmdaraðila er farið yfir helstu þætti framkvæmdanna út frá mögulegum ásýndaráhrifum.


Umhverfisstofnun telur að þrátt fyrir að vandað verði til verks og frágangs að verki loknu verði vart hjá því komist að framkvæmdirnar hafi veruleg áhrif á ásýnd lands, enda um að ræða óraskað svæði sem er viðkvæmt fyrir raski. Stofnunin telur að þau mannvirki sem nauðsynleg eru og framkvæmdir þeim samhliða, ásamt haugsetningu efnis vegna uppgraftrar geti haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif á landslag.


### Niðurstaða

Fyrirhuguð virkjun í Hverfisfljóti er innan svæðis sem enn er að mestu leyti óraskað. Svæðið er viðkvæmt fyrir raski og býr yfir töluverðri náttúruvegurð. Framkvæmdin mun hafa áhrif á jarðmyndanir, þ.e. eldhraun og fossa, sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd. Umhverfisstofnun hefur lagt til að Skaftáreldahraun verði friðlýst, en framkvæmdir við virkjunina fela m.a. í sér lagningu nýs vegar um hraunið. Fossar í Hverfisfljóti eru á skrá Náttúruverndarráðs yfir fossa sem æskilegt er talið að vernda. Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin geti haft í för með sér umtalsverð á landslag / sjónræn áhrif, auk umtalsverðra áhrifa á Skaftáreldahraun. Stofnunin telur enn ríkja óvissu um áhrif framkvæmdarinnar á gróður.

Umhverfisstofnun minnir á að áður en veitt er framkvæmdaleyfi fyrir fyrirhugaðri virkjun í Hverfisfljóti skal leita umsagnar stofnunarinnar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, þrátt fyrir að fyrir liggi umsögn stofnunarinnar um matsskyldu framkvæmdarinnar. Jafnframt skal leggja fram áætlun um efnistöku skv. 48. gr. sömu laga.

Virðingarfyllt

  
Sigrún Friðriksdóttir  
fagstjóri

  
Helgi Jensson  
forstöðumaður